

# Reglugerð um Orlofssjóð Læknafélags Íslands

## I. Kaffi

### Aðild, framlög og hlutverk

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Orlofssjóður Læknafélags Íslands (LÍ) og á heimili og varnarþing á starfsstöð LÍ.

Rétt til aðildar að Orlofssjóðnum eiga allir félagar í Læknafélagi Íslands. Aðild að sjóðnum og framlag í hann skal vera með þessum hætti:

1. Með samningum samtaka lækna við vinnuveitendur eða sjúkratryggingar um ákveðið framlag eða frádrátt af greiðslum, sem rennur í sjóðinn. Framlag sjóðfélaga fer eftir ákvæðum viðkomandi kjarasamninga, úrskurðum kjaranefndar og öðrum samningum.

2. Einstakir lækna, er gera sérstakan samning við Orlofssjóð. Framlag þeirra skal ákveðið af orlofsnefnd hverju sinni.

Sjóðnum skal varið til þjónustu við félagsmenn í orlofi. Sjóðurinn á og rekur orlofshúsnæði og skapar á annan hátt aðstöðu til orlofsdvalar sjóðfélaga.

## II. Kaffi

### Réttindi sjóðfélaga

#### 2. gr.

Rétt til afnota af sumarhúsum eða annarri þjónustu Orlofssjóðs hafa allir sjóðfélagar, sbr. 1. gr.

Orlofsnefnd sbr. 3. gr., úthlutar skv. starfsreglum, sem hún setur í samráði við stjórn LÍ. Orlofsdvöl utan sumartíma verður

úthlutað, eftir því sem óskir berast frá sjóðfélögum. Öllum sjóðfélögum skal tilkynnt fyrir 1. mars ár hvert, hvaða orlofsdvöl sjóðurinn bjóði upp á og skal sækja um leigu á sumarhúsum fyrir 1. apríl. Fyrir 15. apríl skal orlofsnefnd tilkynna hverjir hafa fengið oflofshús á leigu það sumarið. Einungis þeir, sem skuldlausir eru við LÍ og orlofssjóð, skulu hafa rétt til að taka orlofshús á leigu.

## III. Kaffi

### Stjórn og rekstur sjóðsins

#### 3. gr.

Stjórn LÍ skipar fimm lækna í orlofsnefnd til tveggja ára í senn. Orlofsnefnd gerir tillögur til stjórnar LÍ um meginákvæðanir varðandi uppbyggingu og rekstur orlofsheimila. Orlofsnefnd kynnir stjórn LÍ starfsáætlun, fjárhags- og fjárfestingaráætlun í lok hvers árs fyrir komandi ár.

Læknafélag Íslands annast daglegan rekstur sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Kjörnir skoðunarmenn og löggiltir endurskoðendur LÍ endurskoða reikninga Orlofssjóðs, sem skulu lagðir fram til afgreiðslu á aðalfundi LÍ. Orlofsnefnd er heimilt að taka lán í nafni sjóðsins og undirgangast aðrar skuldbindingar að fengnu samþykki stjórnar LÍ. Óráðstafaður hluti sjóðsins skal ávaxtaður eins og best verður á kosið.

Orlofsnefnd ákveður leigugjald fyrir orlofshús.

## IV. Kaffi

### Almenn ákvæði

#### 4. gr.

Rísi ágreiningur um einstök atriði í reglugerð þessari, sker stjórn LÍ úr honum.

#### 5. gr.

Breytingar á reglugerð þessari eru því aðeins gildar að þær hafi verið samþykktar af stjórn LÍ og aðalfundi LÍ.

Tillaga um að leggja Orlofssjóð LÍ niður þarf samþykki tveggja þriðju kjörinna fulltrúa á aðalfundi LÍ. Liggi fyrir lögmat ákvörðun um að leggja sjóðinn niður renna eignir hans til Læknafélags Íslands.

## Rannsókn hafin á meintri líffærasölu

Heilbrigðisráðherra Ísraels hefur skipað nefnd til að kanna ásakanir ísraelsks dagblaðs á hendur Greenberg stofnunni í réttarlæknisfræði í Tel Aviv. Stofnunin er sú eina á sínu sviði í Ísrael.

Blaðamennirnir Ronen Bergman og Gai Gavra á helgarútgáfu *Yediot Aharonot* dagblaðsins slógu upp á forsíðu nýverið að stofnunin sé bendluð við líffærasölu. Meðal þess sem blaðamennirnir studdust við í frásögn sinni voru „verðlistar“ fyrir tiltekin líffæri og bein. Þessir líkamshlutar eru taldir hafa verið sendir til rannsóknastofnana við háskóla og til læknaskóla fyrir læknanema að æfa sig á. Erfitt er að nálgast líffæri til rannsókna í Ísrael vegna þess að trúarbrögð setja slíku verulegar hömlur. Einungis hefur verið heimilt að fjarlægja líffæri í því skyni að bjarga mannlífum, en ekki til rannsókna.

Talið er að þeir sem einkum hafa orðið fyrir barðinu á meintum líffærasölum séu erlent verkafólk sem átti enga ættingja í Ísrael. Líkin voru síðan fyllt með öðru efni, meðal annars bómull, í stað líffæra.

Dr. Yitzhak Berlovich yfirmaður hjá ísraelska heilbrigðisráðuneytinu segir að fyrir tveimur árum hafi komið upp hliðstætt mál hjá réttarlæknisstofnuninni og þá hafi verið talið að skrúfað hafi verið fyrir þann leka. Hins vegar sé erfitt um vik að fá réttarlækna til að rannsaka slík mál því þeir séu allir tengdir stofnuninni á einn eða annan hátt þar sem hún sé sú eina sinnar tegundar í landinu. Almennt ber ástand stofnunarinnar vott um féleysi og niðurníðslu að mati greinarhöfunda. Flugur á sveimi og lasburða ísskápar, en hins vegar hafði heilbrigðisráðuneytið veitt fjármagni til að endurnýja skrifstofur starfsfólksins og kaffiteríuna myndarlega!

Yfirmaður stofnunarinnar, prófessor Yehuda Hiss, neitar því að um líffærasölu hafi verið að ræða en kvartar hins vegar undan því að fjármagn vanti til endurnýjunar á rannsóknaraðstöðu stofnunarinnar. Það sé margfalt meira fjármagn en hafi verið varið til endurbóta á aðstöðu starfsfólksins.

Eftir að grein blaðsins birtist ákvað heilbrigðisráðuneytið að veita umtalsverðu fjármagni (um einni milljón dollara) til endurbóta á rannsóknaraðstöðunni.

BMJ 2001; 322: 128.

Upphaflega samþykkt í september 1979. 4. gr. var breytt 1987. 8. gr. var breytt 1995.

Breyting var gerð hinn 12. desember 2000 á reglugerð Orlofssjóðs á sameiginlegum fundi stjórna LÍ/LR samkvæmt gildandi reglugerð. Var meðal annars nafni sjóðsins breytt úr Orlofsheimilassjóður LÍ/LR í Orlofssjóð LÍ og þannig staðfest í reglugerð Orlofssjóðs sú skipan að sjóðurinn er og hefur verið eignfærður í ársreikningi LÍ.